

## Erindi Höllu Helgadóttur, dags. 16. október 2023, um áætlanir bandaríska sendiráðsins á Sólvallagötu 14

Íbúaráð Vesturbæjar,

Ég leita til ykkar með áhyggjur fjölda íbúa af alvarlegri þróun í gamla Vesturbænum, sem mér þykir undurvænt um og hef verið svo lánsöm að búa í alla ævi, og vona að þið munið fjalla um þetta má á fundi ykkar mánudaginn 16. október.

Þið þekkið örugglega til málsins sem snýst um að Bandaríska sendiráðið hefur sent inn beiðni um leyfi til Reykjavíkurborgar til að ráðast í miklar breytingar á húsnæði við Sólvallagötu 14 þar sem varnir og öryggissjónarmið eru í forgangi.

Þar virðast fulltrúar stórveldis ætla sér að draga ógn og ótta inn í friðsælt, þéttbýlt og gróið íbúahverfi. Að sendiráðið telji þörf á svo miklum öryggisvörnum í friðsælu hverfi til að verjast aðsteðjandi vá er í sjálfu sér ógn við hverfið og íbúa þess, og sérkennilegt að þau kjósi það. Fyrir í hverfinu eru sendiráð og sendiráðs bústaðir m.a.s. það rússneska þars sem ekki eru svo sýnilegar varnir.

Hverfið er friðsælt, fólk býr þétt, og hér ríkir fjölbreytileiki. Fjöldi barna er á ferð, úti að leika sér og fjölskyldur telja sig fullkomlega öruggar. Landakotsskóli er steinsnar frá húsinu með um 400 nemendur af öllum þjóðernum á aldrinum 5-16 ára, Hússtjórnarskólinn er við hliðna á með sína nemendur, Landakotskirkja, Elliheimilið Grund nálægt með um 200 íbúa, og Kjöttborg sem þjónar hverfinu og dregur að sér fólk víða að, oft einstaklinga í viðkvæmri stöðu.

Borgaryfirvöld hljóta að setja í forgang að gæta hagsmuna fjölda íbúa hverfisins og standa vörð um lífsgildi, öryggi þeirra og traust í stað þessa að koma á móts við ýktar og óviðeigandi öryggiskröfur eins íbúa.

Það er ekki fyrir hendi deiliskipulag á reitnum sem húsið stendur á. Hinsvegar er deiliskipulag á reitnum við hliðina, austan Blómvallagötu. Þar gildir meðal annars að á lóðunum við Hólatorg er ekki heimilt að reisa mannvirki af neinu tagi framan við hús eða bílskúra. Þetta er ekki orðað alveg með sama hætti varðandi lóðirnar við Sólvallagötu, en þar gildir de facto sama stefna, engin mannvirki framan við hús eða bílskúra.

Við höfum séð teikningar sem lagðar hafa verið fram og á þeim kemur skýrt fram að breytingarnar sem verið er að fara fram á eru í eru í andstöðu við ofangreinda stefnu og engu samræmi við hefðir og þá hverfisvernd sem ríkir í hverfinu.

Mjög áberandi varðskýli fremst á lóðinni fyrir varðmann (sennilega vopnaðan) er fjarstæðukennd hugmynd, ógnandi, ömurleg og á sér engar fyrirmynd í þétu íbúðahverfi eins og þessu.

Um þennan bústað hljóta að gilda sömu reglur og um önnur hús í hverfinu sem aldrei myndu fá neitt þessu líkt samþykkt. Gæta þarf að jafnræði því það eru til fjölmörg dæmi um að borgin hafi synjað íbúum um miklu veigaminni breytingar og til gamans má nefna að tveim húsum frá, á Sólvallagötu 10 var íbúum synjað um leyfi til að byggja skýli fyrir nokkrar hænur árið 2021.

Þetta mál er í raun mun stærra en svo að það snúist einungis um íbúa eins hverfis, þetta snýst um grunngildi samfélags. Á Íslandi og í borginni búum við við þau gæði að hér ríkir traust, vinsemd, jafnræði og frelsi sem er okkar mesti auður og það sem við ættum helst að standa vörð um. Við megum ekki gleyma að við lifum á tímu ógnar og óöryggis í heiminum og hvaða skilaboð væri verið að senda yri þetta samþykkt.

Þeirri ákvörðun fylgir mjög mikil ábyrgð.

Fyrir hönd fjölmargra íbúa innan og utan hverfisins leita ég til ykkar og treysti að þið sem fulltrúar okkar í íbúaráði standið með okkur í þessu máli.

Með vinsemd og virðingu,

**Halla Helgadóttir**

Íbúi, framkvæmdastjóri og hönnuður,

Ásvallagötu 13 | 101 Reykjavík

**+354 6993600**